

Ed.

427. Breytingartillaga

[68. mál]

við brtt. á þskj. 397 (Almannatryggingar).

Frá Haraldi Guðmundssyni, Gísla Jónssyni og Rannveigu Þorsteinsdóttur.

Meginmál 3. tölul. (ný grein á eftir 21. gr.) orðist svo:

Tryggingastofnun ríkisins skal fyrir lok ársins 1950 láta fram fara athugun á vinnugetu öryrkja, sem ætla má, að geti unnið fyrir sér að nokkru eða öllu leyti, ef þeim er veittur kostur á atvinnu við þeirra hæfi. Jafnframt skal Tryggingastofnunin gera tillögur um ráðstafanir til þess, að starfskraftar slíkra öryrkja geti komið þeim sjálfum og þjóðfélaginu að sem mestum notum, og hafa samráð og samvinnu við trygginganefndir og héraðsstjórnir um þær tillögur.